

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 26 1958 og samkvæmt tillögu bæjarstjórnar Kópavogs, er hér með bannað að aka fram úr ökutækjum á ferð á Reykjanesbraut á svæðinu milli norðanverðra gatnamóta Reykjanesbrautar og Nýbýlavegar og sunnanverðra gatnamóta Reykjanesbrautar og Fífuhvammsvegar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 4. sept. 1963.

Sigurgeir Jónsson.

10. september

Nr. 164.

AUGLÝSING

um hámarkshraða ökutækja í Grímsneshreppi í Árnessýslu.

Samkvæmt heimild í 50. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958 hefur ráðuneytið ákveðið, að hámarkshraði ökutækja á Sogsvegi milli Syðri-Brúarár sunnan við Írafoss og Heiðarár norðan við Ljósafoss, skuli vera 45 km á klukkustund.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. september 1963.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

16. september.

Nr. 165.

REGLUGERÐ

um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.

1. gr.

Umsækjandi skal, áður en vottorð um sjón- og heyrnarhæfni hans er gefið út, sanna með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt, að hann sé sá, er hann segist vera.

2. gr.

Skipstjórar og stýrimenn á skipum, sem eru 6 rúm. að stærð eða stærri, skulu sanna með læknisvottorði, að þeir hafi að minnsta kosti þá sjónskerpu, sem hér segir:

6/8 á betra auga og 6/24 á lakara auga	
eða 6/9 - - - - - 6/18 - - - - -	,
það er 0.75 - - - - - 0.25 - - - - -	
eða 0.67 - - - - - 0.33 - - - - -	, sé reiknað í tugabrotum.

Þá skulu þeir og sanna, að þeir hafi óskert sjónsvið og fullkomið litskyggni. Sjónsvið er nægilegt að prófa með hendi eða svonefndri „konfrontationsaðferð“.